

Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Árna Þór Sigurðssyni, Jóni Bjarnasyni,
Álfheiði Ingadóttur og Atla Gíslasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
Við 11-501 Ferðamálastofa			
a. 1.11 Ferðamálasamtök landshluta	45,0	30,0	75,0
b. 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	64,3	20,0	84,3
c. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	0,0	75,0	75,0
d. <i>Greitt úr ríkissjóði</i>	364,7	125,0	489,7

Greinargerð.

Í a-lið tillögunnar er lögð til 30 m.kr. hækkun á framlagi til upplýsingamiðstöðva en hluti 45 m.kr. framlags samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er ætlað til þess verkefnis.

20 m.kr. hækkun á fjárveitingum í b-lið er ætluð til úrbóta í umhverfismálum á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Í c-lið er svo lögð til sérstök fjárveiting á nýju viðfangsefni til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 70 m.kr. til markaðssóknar, annars vegar undir viðfangsefninu 11-501-1.05, Landkynningarskrifstofur erlendis, (40 m.kr.) og hins vegar undir viðfangsefninu 11-599-1.44, Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu (30 m.kr.) hjá iðnaðarráðuneyti, en þessi viðfangsefni voru áður á lið samgönguráðuneytis. Til þessa mikilvæga verkefnis var varið rúmlega 300 m.kr. árið 2004 og um 150 m.kr. hvort ár 2005 og 2006. Hér er lagt til að árið 2008 verði í heild varið svipuðum fjármunum og 2006 til þessa þýðingarmikla starfs.